

Þegar lög þessi hafa öðlzt gildi, skal fella 1. gr. þeirra, ásamt 1. og 2. efnis- 79
málsgr. 1. gr. laga nr. 33 12. febr. 1945 með áorðinni breytingu samkvæmt lögum 23. des.
nr. 24 20. apríl 1949 og lögum nr. 24 16. febr. 1953, inn í meginmál laga nr. 30 19.
júní 1933, um sjúkrahús o. fl., og gefa þau út af nýju með fyrirsögn: Sjúkra-
húsalög.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

80

23. des.

um breyting á lögum nr. 75 22. júní 1921, um stimpilgjald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallzt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 38. gr. kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:
Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að ákveða, að ábyrgðartryggingarskírteini
skuli stimplast með allt að 8% af fyrsta ársiðgjaldi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

81

23. des.

um breyting á lögum nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreyt-
ingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallzt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Skilyrði bóta er, að innstæðufjárhæðin hafi verið talin fram til skatts. Þó
skal þetta skilyrði ekki ná til innstæðufjár ófjárráða sparifjáreigenda, sem voru
yngri en 16 ára í lok júnímánaðar 1946. Bætur skal miða við heildarinnstæðufjárhæð
eins og hún var í árslok 1941 og í lok júnímánaðar 1946, og skal miða við lægri inn-